

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62 19. maí 1994, með síðari breytingum (14. sammingsviðauki).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Ásgerði Ragnarsdóttur frá dómsmálaráðuneyti. Umsagnir bárust frá Persónuvernd, ríkissaksóknara, Alþýðusambandi Íslands og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að 14. viðauki við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 (mannréttindasáttmála Evrópu) verði lögfestur. Meginefni viðaukans varðar breytingar á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans, einkum hvað varðar meðferð kæru á fyrstu stigum og fullnustu dóma dómstólsins, en helsti tilgangur viðaukans er að auka skilvirkni mannréttindadómstóls Evrópu svo að markmiðum sáttmálans verði náð.

Gildistaka ákvæða sammingsviðaukans auðveldar dómstólnum að takast á við þann mikla fjölda kæra sem reynast ótækar til efnismeðferðar og í vissum tilvikum mun einn dómari geta tekið ákvörðun um frávisun kæru í stað þriggja dómara nefndar áður. Þá er bætt við nýju skilyrði fyrir því að kæra teljist tæk til efnismeðferðar þannig að vísa skal kæru frá ef ekki verður séð að kærandi hafi orðið fyrir umtalsverðu óhagræði vegna meints brots. Þá verður hægt að afgreiða „endurtekin mál“ með skilvirkari hætti en áður þar sem þriggja dómara nefnd fær heimild til að dæma í málum þar sem dómstólinn hefur áður leyst úr sambærilegum álitafnum, í stað sjö dómara deildar nú. Auk þess verður unnt að ljúka máli með sátt á öllum stigum í stað þess að það sé eingöngu hægt í málum sem eru tæk til efnismeðferðar eins og nú er.

Aðrar breytingar sem sammingsviðaukinn felur í sér lúta einna helst að því að sjálfstæði dómara er aukið með lengri kosningu, til níu ára í stað sex ára áður, auk þess sem ráðherra-nefndinni eru veitt ný úrræði varðandi eftirlit með fullnustu dóma og mannréttindadómstólnum falið hlutverk við fullnustu þeirra. Þá verður Evrópusambandinu heimilað að gerast aðili að mannréttindasáttmálanum.

Nefndin leggur til smávægilegar breytingar á fylgiskjali, en í því er texti sammingsviðaukans felldur inn í megintexta sáttmálans sjálfs. Breytingarnar lúta eingöngu að samræmingu á orðalagi þannig að orðin „samningur“ og „sammingsviðauki“ verði notuð í stað orðanna „sáttmáli“ og „viðbótarsamningur“.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðanna „sáttmálans“ og „viðbótarsamninga“ í b-lið 1. mgr. 28. gr. fylgiskjals og sömu orða í a- og b-lið 3. mgr. 35. gr., 1. mgr. 39. gr. og 2. mgr. 59. gr. komi (í viðeigandi beygingarfalli): samningur, og: sammingsviðauki.

Alþingi, 26. apríl 2005.

Bjarni Benediktsson,  
form., frsm.

Jónína Bjartmarz.

Kjartan Ólafsson.

Guðrún Ögmundsdóttir.

Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Bryndís Hlökkversdóttir.

Sigurjón Þórðarson.

Sigurður Kári Kristjánsson.

Einar Karl Haraldsson.